



Yfirlit yfir fyrirtækið

Byggingar og iðnaður
Orka og veitur
Umhverfi og skipulag
Verkefnastjórnun

Markaður og þróun
Fjármál og rekstur
Mannauður og þjónusta



Yfirlit yfir fyrirtækið

Almenna verkfræðistofan er nútímalegt alhliða þekkingarfyrirtæki þar sem þarfir viðskiptavina, gæði og hagkvæmni eru höfð að leiðarljósi. Stofan byggir á áratuga reynslu af ráðgjafastarfsemi og verkefnastjórnun og hefur á að skipa reyndum sérfræðingum á hverju sviði. Markvisst er unnið að því að innleiða nýjungar í tækni, aðferðum og hugmyndafræði.

Almenna er umhverfislega meðvitað fyrirtæki sem leggur metnað í að reiða fram verkfræðiþekkingu sem mætir þörfum okkar í dag og komandi framtíðar.

Upphaf og núverandi staða:

Almenna verkfræðistofan hf. (AV) var stofnuð 1971 og tók þá við rekstri verkfræðistofu Almenna byggingafélagsins hf. (ABF), en það félag var stofnað 1941 og rak umfangsmikla verktaka- og ráðgjafastarfsemi um 30 ára skeið. ABF kom mikið við sögu þeirrar uppbyggingar og iðnvæðingar, sem átti sér stað í landinu á starfsárum þess.

Stofnendur AV störfuðu allir hjá ABF, þannig að Almenna verkfræðistofan byggir á áratuga reynslu. Félagið hefur jafnframt ávallt tileinkað sér tæknilegar nýjungar og aukið jafnt og þétt við þá þekkingu, sem til staðar var við stofnun þess. Hluthafar Almennu verkfræðistofunnar starfa allir hjá fyrirtækinu, enda er það stefna félagsins að það sé í eigu starfsmanna þess.

Höfuðstöðvar AV eru í eigin húsnæði að Fells múla 26 í Reykjavík.

Stofan er aðili að Félagi Ráðgjafarverkfræðinga á Íslandi (FRV), sem aftur er aðili að alþjóða samtökum ráðgjafarverkfræðinga (FIDIC).

Gildi

Þekking

Við leggjum okkur fram við að miðla þekkingu milli starfsfólks og til viðskiptavina. Við eflum og bætum stöðugt þekkingu okkar. Hjá okkur verður til uppspretta nýrrar þekkingar til góða fyrir starfsfólk, fyrirtækið og viðskiptavinum.

Metnaður

Við leggjum okkur fram við að vera best í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Sem einstaklingar og fyrirtæki viljum við ná árangri, bæði faglegum og fjárhagslegum. Við leitum nýrra tækifæra, setjum okkur markmið og náum þeim. Á stofunni er starfsmönnum falin ábyrgð og þeim leyft að spreyta sig og sýna fram á hæfni sína.

Áreiðanleiki

Við viljum standa undir væntingum viðskiptavina. Mikilvægt er að við stöndum við gefin loforð. Kjarninn í okkar starfi er að viðskiptavinir treysti okkur fyrir mikilvægum verkefnum og að við virðum tíma- og kostnaðarmörk.

Stjórnskipulag

Almennu verkfræðistofunni er skipt í fjögur markaðssvið:


Byggingar- og iðnaður Orka og veitur Verkefnastjórnun Umhverfi- og skipulag

Jafnframt eru í fyrirtækinu þrjú stoðsvið:

Markaður og þróun Fjármál og rekstur Mannauður og þjónusta

Markaður og þróun heldur utan um framþróun fyrirtækisins og vinnur markvisst að því að leita nýrra lausna sem koma viðskiptavinum okkar til góða.

Ávallt eru umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi.



Mannauður

Almenna verkfræðistofan leggur metnað sinn í að vera vinnustaður sem laðar til sín, hvetur og viðheldur hæfu og metnaðarfullu starfsfólki. Heildar starfsmannafjöldi er um 65, þar af um 55 tæknimenn, sem hlotið hafa menntun sína í háskólum á Íslandi, á Norðurlöndunum, Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum, og býr því yfir fjölbættri alþjóðlegri tækniþekkingu og reynslu.

Árangur Almennu verkfræðistofunnar er undir reyndu og hæfileikaríku fólki kominn.

Skrifstofur og dótturfélög

Auk höfuðstöðva fyrirtækisins rekur AV skrifstofu á Akranesi og á helmingshlut í Innivist ehf, sem er fyrirtæki, sem veitir sérhæfða þjónustu í mælingu á loftgæðum, hljóðvist o.fl. áhrifaþáttum á líðan fólks í byggingum.

AV rekur jafnframt fyrirtækið SAGA TRAFFIC ehf. í samvinnu við Sagasystem ehf. SAGA TRAFFIC sérhæfir sig í rannsóknum og þróun á umferðatengdri upplýsingamiðlun.

Verkefni og þjónustusvið

Frá stofnum fyrirtækisins hefur Almenna verkfræðistofan verið þátttakandi í mörgum af stærstu verkefnum sem ríki, sveitarfélög og ýmis fyrirtæki víðs vegar um landið hafa ráðist í.

Meðal þessara verkefna eru m.a.:

- Opinberar byggingar
- Verksmiðjur og iðnaður
- Vatnsaflsvirkjanir
- Samgöngumannvirki
 - Vegir og brýr
 - Flugvallir
 - Hafnir
- Hreinsistöðvar, fráveitur og vatnsveitur
- Verkefnastjórnun og matsstörf
- Viðhald mannvirkja
- Mat á umhverfisáhrifum og jarðfræðirannsóknir

Erlendir samstarfsaðilar koma víða að, m.a. frá Norðurlöndunum, Bretlandi, meginlandi Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Mikilvæg reynsla er til staðar innan fyrirtækisins hvað varðar samskipti við erlenda aðila, þjónustu í samræmi við erlenda staðla og framkvæmdir á erlendri grund.

Almenna verkfræðistofan hf. hefur frá upphafi veitt almenna og sérhæfða þjónustu á sviði byggingar-, véla-, þéttbýlis- og umhverfisverkfræði svo og náttúrufræði. Þjónustan felst í alhliða tækniráðgjöf samkvæmt óskum viðskiptavina, allt frá gerð fyrstu frumdraga og forrannsóknum til endanlegrar hönnunar mannvirkja, framkvæmda og rekstrar.

Þjónusta AV skiptist í eftirfarandi meginþætti:

- Forathuganir og rannsóknir
- Frumáætlanir og hagkvæmniathuganir
- Mælingar og kortagerð
- Skipulagsáætlanir
- Hönnun og útboðsgagnagerð
- Jarðfræðiráðgjöf og mat á umhverfisáhrifum
- Vistvæn hönnun og vottun
- Verkefna- og hönnunarstjórnun
- Umhverfis- og öryggisstjórnun
- Kostnaðaráætlanir og matsstörf
- Eftirlit með framkvæmdum
- Viðhald mannvirkja / viðhaldsáætlanir
- Fasteignastjórnun

Fyrirtækið hefur á starfstíma sínum annast mikinn fjölda verka, svo sem fram kemur á heimasíðu fyrirtækisins www.almenna.is.

Gæða- og umhverfisstjórnun



Almenna verkfræðistofan starfar samkvæmt vottuðu gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi ÍST EN ISO 9001:2000 og ÍST EN ISO 14001:2004.

Hjá Almennu verkfræðistofunni er sérstakur gæðastjóri, auk þriggja manna gæðaráðs, sem annast uppbyggingu og viðhald á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins, og tekur jafnframt þátt í að undirbúa og fylgja eftir gæðastjórnun í einstökum verkum.

Gæðastýring innan fyrirtækisins byggist m.a. á stjórnskipulagi þess, dreifingu á ábyrgð og skyldum og verklagsreglum sem viðhafðar eru.